

Landstólpinn

Samfélagsviðurkenning Byggðastofnunar

Landstólpinn Samfélagsviðurkenning Byggðastofnunar er viðurkenning sem Byggðastofnun veitir árlega á ársfundi sínum. Um er að ræða hvatningarverðlaun til einstaklinga, fyrirtækja, hópa eða verkefna sem vakið hafa athygli á byggðamálum, styrkt samfélög í landsbyggðunum eða stuðlað að framgangi málefna landsbyggðanna, ýmist í heild eða innan tiltekins byggðarlags, s.s. innan nýsköpunar, byggðapróunar, atvinnuþróunar, sjálfbærni eða menningar.

Hér með er lýst eftir tilnefningum um handhafa **Landstólpans** 2023. Dórnefnd velur úr þeim tillögum sem berast.

Hafa má í huga hvort viðkomandi einstaklingur, hópur, fyrirtæki eða verkefni hafi:

- **Stuðlað að jákvæðri og sterkri ímynd** landsbyggðanna eða tiltekins svæðis
- **Vakið athygli og aukið umfjöllun** um ákveðið svæði eða málefni innan landsbyggðanna
- **Styrkt nærumhverfið**, ýmist með aukinni samstöðu íbúa, atvinnutækifærum, aukinni afþreyingu, menningu, þjónustu, verðmætasköpun eða tækifærum af öðru tagi
- **Aukið virkni íbúa** og fengið þá til beinnar þátttöku í verkefninu
- **Stuðlað að jákvæðum áhrifum** efnahagslegra, samfélagslegra og/eða umhverfislegra þátta

Ekki er nauðsynlegt að öllum þessum atriðum sé fylgt eftir, heldur séu þau höfð til hliðsjónar. Nauðsynlegt er að rökstuðningur fylgi tilnefningunni.

Viðurkenningunni fylgir listmunur hannaður af íslenskum listamanni. Í ár mun í fyrsta sinn verðlaunafé jafnframt fylgja viðurkenningunni að upphæð kr. 1.000.000.-

Óskað er eftir því að tillögur verði sendar á eftirfarandi netföng: helga@byggdastofnun.is og/eða andri@byggdastofnun.is
Nánari upplýsingar veita Helga Harðardóttir eða Andri Þór Árnason, s. 455-5400.

Frestur til að skila inn tilnefningum rennur út miðvikudaginn 1. mars 2023



BYGGÐASTOFNUN

Sími 455 54 00

postur@byggdastofnun.is
byggdastofnun.is